

# Örnefnaskráning í Dalabyggð

## II. Hluti - Stóra- og Litlaholt



Hulda Birna Albertsdóttir

Desember 2012  
NV nr. 15-12

## Útdráttur

Örnefnaskráning í Dalabyggð var verkefni unnið að beiðni Breiðafjarðarnefndar í samstarfi við Dalabyggð og Náttúrustofu Vestfjarða og hófst sumarið 2010 og hefur verið í gangi síðan.

Verkefnið gengur út á það að skrá örnefni eftir örnefnaskrá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ásamt því að ræða við heimildamenn og fá þau staðfest. Auk þess voru skráð ný örnefni sem ekki komu fyrir í gömlu skránum. Örnefnin voru hnitsett og skráð á loftmynd sem ekki hefur verið gert áður, ásamt öðrum upplýsingum um örnefnið. Boðleiðum í Saurbæjarhreppi voru einnig gerð skil. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum var aðal heimild verkefnisins. Þessi skýrsla er fyrsta sem kemur út í röðinni, en fyrirhugað er að skrá jarðir sem liggja að sjó í Breiðafirði og eru í Dalabyggð.

Alls voru skráð 73 örnefni í landi Stóra- og Litlaholts sem eru bæði upp úr skrá frá Stofnun Árna Magnússonar og ný örnefni sem ekki voru skráð í örnefnaskrár. Sum örnefni komust ekki á kort vegna skorts á heimildum.

Boðleiðum í Saurbæjarhreppi er lýst, en það eru leiðir sem fólk bar leitarseðla og fundarboð eftir.

## Efnisyfirlit

ÚTDRÁTTUR .....	2
EFNISYFIRLIT .....	3
MYNDASKRÁ .....	4
INNGANGUR .....	5
AÐFERÐIR.....	6
STÓRA- OG LITLAHOLT.....	7
SKRÁNING ÖRNEFNA.....	8
ÖRNEFNI.....	10
KORT 1 .....	30
KORT 2.....	31
BOÐLEIÐIR Í SAURBÆJARHREPPI.....	32
UMRÆÐUR.....	33
ÞAKKIR.....	33
HEIMILDIR .....	34

## Myndaskrá

MYND 1. HOLTAHLIÐ.....	10
MYND 2. MERKJASKRIÐA.....	10
MYND 3. HÁHLIÐ.....	11
MYND 4. HRYGGIR.....	12
MYND 5. MOLDHÓLAR.....	12
MYND 6. EFRI MOLDHÓLAR.....	12
MYND 7. DJÚPIDALUR.....	13
MYND 8. GRAFARMÝRI.....	14
MYND 9. SÍLARGRÓF.....	14
MYND 10. FJÖRULÆKURINN.....	15
MYND 11. KALDRANAHORN.....	16
MYND 12. HOLTAHRYGGUR.....	17
MYND 13. EKRUHRYGGUR.....	18
MYND 14. ÓSAR.....	19
MYND 15. PRESTHVAMMUR.....	19
MYND 16. EKRU MÓAR.....	20
MYND 17. HESTHÚSKINN.....	24
MYND 18. KOTHÚSATÚN.....	24
MYND 19. STÓRASTYKKI.....	24
MYND 20. PRETTUR.....	24
MYND 21. LÆKJARHÚSTÚN.....	24
MYND 22. SIGGUHLUTI.....	26

## Inngangur

Örnefnaskráning í Dalabyggð var verkefni unnið af Náttúrustofu Vestfjarða í samstarfi við Breiðafjarðarnefnd og Dalabyggð. Markmiðið var að taka jarðir sem liggja að sjó í Breiðafirði, en í einstaka tilvikum voru teknar jarðir með sem lágu ekki að sjó.

Örnefnaskráning hófst sumarið 2010 þar sem skráðar voru fornleifar á tveimur jörðum samhliða örnefnaskráningunni. Sóley Valdimarsdóttir, umhverfisskipulagsfræðingur sá um örnefnaskráninguna þangað til í október 2010 en þá tók Hulda Birna Albertsdóttir, umhverfisskipulagsfræðingur við skráningunni.

Í þessari skýrslu verður fjallað um örnefni á jörðum Stóra- og Litlaholts og er þetta annar hluti verkefnisins. Fyrsti hluti verkefnisins er jörðin Ólafsdalur (Hulda Birna Albertsdóttir 2010).

Í örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru geymdar skrár yfir örnefni á flestum jörðum á Íslandi. Skrárnar skipta þúsundum og er sú elsta frá árinu 1910 (arnastofnun.is, sótt á vef þann 4.10.2010). Þessar skrár eru mikilvæg heimild m.a. um menningu, sögu, landsnytjar og náttúrufar (m.a. Brink 1999). Einnig má halda því fram að þær séu hluti af menningar- og náttúruverðmætum. Örnefni sem varðveitast einungis í munnlegri geymd eiga á hættu að glatast þegar þörfin fyrir þau minnkar vegna breyttra aðstæðna (Guðrún Gísladóttir 1980). Því er mikilvægt að safna og staðsetja örnefni með hjálp staðkunnugra ásamt því að skrá niður merkingu þeirra, aldur og tilefni nafngiftar.

Skráðar voru niður boðleiðir í Saurbæjarhreppi og Skarðshreppi. Leitarseðlar voru fyrst og fremst sendir með þessum hætti á milli staða en einnig einstaka fundarboð. Í þessari skýrslu verður einungis talað um boðleiðir í Saurbæjarhreppi þar sem Stóra- og Litlaholt voru hluti af þeim hreppi.

## Aðferðir

Skráningin byggir fyrst og fremst á leiðbeiningum um örnefnaskráningu frá Stofnun Árna Magnússonar. Skráning á vettvangi er með aðstoð heimildarmanna. Aðrir þættir eru t.d. heimildaöflun, frágangur, kortagerð og fleira.

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum var aðal heimild verkefnisins. Fundað var með heimildarmönnum þar sem þeir voru beðnir að lesa yfir örnefnaskrá Stofnunar Árna Magnússonar og staðsetja þau jafnóðum á útprentaða loftmynd. Heimildarmenn voru einnig beðnir um að koma með athugasemdir eða viðbætur við núverandi örnefnaskrá. Sérstaklega var reynt að fá útskýringar á örnefnum sem ekki höfðu augljósa merkingu. Í þeim tilvikum þar sem ekki var hægt að staðsetja örnefni nákvæmlega á loftmynd var farið á staðinn og tekinn GPS-staðsetningahnit í isnet93 hnitakerfinu og eru staðsetningar í skýrslu alltaf skráðar í austur og norður. Teknar voru ljósmyndir þar sem sá möguleiki var fyrir hendi.

Skráning boðleiða fól í sér að fá heimildamenn til að lýsa boðleiðunum og þær voru svo ritaðar niður.

Frágangur á gögnum fól í sér að færa staðsetningu örnefnanna inn á stafrænan loftmyndagrunn. Með því fékkst nákvæm staðsetning á þeim örnefnum sem merkt voru beint á útprentuðu loftmyndina. Niðurstöður gáfu af sér kort með örnefnum innan hvernar jarðar sem og örnefnalista sem greint er frá í þessari skýrslu.

Loftmyndir sem notaðar voru eru teknar í 3500 m hæð og eru frá árinu 2003. Myndirnar eru í eigu Dalabyggðar, en keyptar frá Loftmyndum ehf. Viðtöl við heimildarmenn voru tekin upp með Olympus VN-5500PC upptökutæki. Ljósmyndir voru teknar á stafrænar myndavélar af gerðinni Canon Ixus 960IS og Canon EOS 500D og eru í eigu Náttúrustofu Vestfjarða/ljósmyndara, sem í þessu tilviki var Hulda Birna Albertsdóttir, nema annað sé tekið fram. GPS-staðsetningarpunktar voru teknir með Garmin 60CSx. Frágangur gagna fól í sér gerð stafrænna korta í Microstation v8i.

## Stóra- og Litlaholt

Stóra- og Litlaholt, eða Holtaland eins og það er venjulega kallað hafa verið óskiptar jarðir að mestu frá ómunatíð, og varla hægt að telja eða rekja örnefni þar nema í sameiningu fyrir báðar jarðirnar. Sennilega hafa þó holtin verið snemma aðgreind í tvö býli, Efra- og Neðra-holt, þó ekki sé vitað, hvenær þau hafa byggst. Yfir Holtslandinu gnæfir Holtahyrna og liggur landið við sunnanverðan Gilsfjörð innanverðan og nær inn fyrir miðja hlíðina sem liggur milli Ólafsdals og Stóra-holts (Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts).

Stóraholt er nefnt í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þar er sagt að hálfkirkja standi (1938). Hálfkirkja er kirkja sem hefur ekki messuskyldu á hverjum messudegi (Mörður Árnason 2002). Í kirkju máldögum frá 1523 er getið um fyrstu yfirreið Ögmunds biskups um Vestfirði. Kom hann þá á Holtskirkju í Saurbæ. Þegar gamla timburhúsið var byggt í Stóra-holti í kringum 1900, var það grafið ofan á mannabein, og benti allt til þess, að þar hefði kirkjugarður verið. Annars er ekki vitað hvar kirkjan stóð, en sennilega hefur hún verið þar sem fjóshlaðan stendur nú (Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts). Jarðdýrleiki Stóra-holts var metinn á 40 kúgildi og voru eigendur þá Magnús Magnússon að Eyri við Seyðisfjörð (28 kúgildi) og Sr. Halldór Pálsson að Selárdal fyrir vestan (12 kúgildi) (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1938). Litlaholt er einnig nefnt í Jarðabókinni en þar var jarðadýrleikinn skráður 20 kúgildi. Jarðeigandinn var Ingibjörg Pálsdóttir. Nefnd er þar hjálega um aldamótin 1700 sem hét Arakot en er hún horfin í dag. Ábúandinn þar var Ingveldur Hákonardóttir. Auk þess voru tvær aðrar hjálegur frá Stóraholti; Bjarnakot og Stórholtssel.

Guðmundur Blöndal skráði örnefni á Litla- og Stóraholtsslandi í fyrstu örnefnaskrá Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, en hún er án ártals. Kristján Eldjárn skráði viðbætur við hans skráningu eftir það, en hún skráning er einnig án ártals. Sú skráning fékkst í viðtali við feðga sem bjuggu í Stórholti, Pál og Guðmund Theodórs. Gerðar voru fleiri athugasemdir og viðbætur 24. Ágúst 1981 þar sem Páll Theodórs gerði og voru þá skráðar eftir honum athugasemdir við fyrrum örnefnaskrá Stóra- og Litlaholts. Hann er fæddur í Litla-Holti árið 1919 og alinn upp og var bóndi þar 1943-1968. Faðir hans var norðan úr Hrutafirði, en fluttist að Litla-Holti árið 1908 og var þar í 60 ár. Örnefnin lærði hann af gömlum manni, sem átti heima í Litla- Holti þegar hann fluttist þangað. Skráning þessi byggir á þessum skrá.

Í dag búa hjónin Arnar Eysteinnsson og Ingveldur Guðmundsdóttir í Stóraholti og er það skráð 39 ha ræktað land (fasteignaskra.is. Sótt á vef þann 5. nóvember 2010). Litlaholt er skráð 20,1 ha (fasteignaskra.is. Sótt á vef þann 5. nóvember 2010). og er í eigu Sæmundar Kristjánssonar í Lindarholti, en engin býr á jörðinni.

Fóðuriðjan var stofnuð upp úr 1974 og á nú stóran hluta af tünnum Stórahólts. Hún er staðsett hjá Gilsfjarðabrunni og á land að landamerkjum Ólafsdals og að Stóraholti. Fóðuriðjan á þá hluta af örnefnunum í þessum kafla en þessar þrjár jarðir verða teknar hér saman.

Farið var yfir Örnefnaskrár Litla- og Stórahólts með bóndunum á Stóra- holti, ásamt Kristjáni Sæmundssyni í Lambanesi.

Landamerkjum er ekki lýst nákvæmlega á jörðinni en Merkjaskriða skiptir jörðum Holtslands og Ólafsdal. Talað er um Þrætublett sem var þrætuland á milli Stóra- hólts og Neðri- Brunnár. Keldan, sem skiptir löndunum, rann í tvennu lagi, og varð þessi slægjublettur á milli. Ekki fæst heimild fyrir því hvar Þrætubletturinn var, og er hann líklegast horfinn núna.

## Skráning örnefna

Í örnefnaskrá Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hafa örnefnum verið gefin raðnúmer eftir því hvar þau koma fyrir í lýsingu hvernar jarðar. Hér eru örnefnin látin halda þeim númerum og ný örnefni fá oftast númer í framhaldi af því síðasta. Í einstaka tilvikum var nýju örnefni gefið sama númer og annað sem fyrir var á listanum með viðbótinni *a* fyrir aftan. Var þetta gert þar sem nýtt örnefni tengdist eldra nafni. Í skráningarlista hér á eftir eru örnefnin fyrst talin upp í stafrófsröð en á eftir fylgja nánari upplýsingar um hvert og eitt í númeraröð. Örnefnin eru svo staðsett á loftmynd á kort 1 og kort 2 þar sem örnefnið er staðsett á vinstri hlið niðri á örnefninu.

Arakot 49

Bali 48

Belti 65

Djúpadalsmelur 13

Djúpidalur 11

Breiðar 44

Brekkubörð 67

Brekkuflóa 43

Efri Moldhólar 09a

Ekruhorn 31



Ekruhryggur 30	Lómahvammur 74
Ekrumóar 36	Lækjarhústún 57
Ekrur 33	Löngubrekkur 40
Fitjakelda 68	Merkjalækur 03
Fjósflöt 58	Merkjaskriða 02
Fjörulækurinn 19	Moldhólalækur 10
Grafarmýri 16	Moldhólar 09
Gyðingaskálamelur 27	Mýrar / Veita 50
Gyðingaskáli 28	Mýrarvöllur 62
Göngumannareitur 41	Neðstivöllur 63
Haugamýri /Bennastykki 39	Orfabrjótur 69
Háahlíð 05	Ósar 32
Hesthúskinn (Hestuskinn) 53	Presthvammur 35
Holtasel /Stórholtssel 22	Prettur 56
Holtahryggur 23	Rimar 18 (Gæsastykki)
Hryggir 08	Rimastykki 18b
Höfðastekkur 37	Rjúpnaklettur 06 (Einbúi)
Kaldranahorn 20	Selflói 21
Kaldrani 19a	Selhryggur 24
Kattarhólsvöllur 59	Sigguhluti /Hrúrtartunga 60
Klofasteinar 66	Silkikunta 70
Krókur 29 (Flugvallarstykki 29a)	Sílargróf 17
Kollteigsbörð 38	Skemmuvöllur 61
Kothúsatún 54	Skipeyri 34
Langalág 46	Stórustykki / Lönguflatir 55
Lágrar 47	Smalaskál 07
Lindarauga 52	Svunta 64
Lindarholt 51	Urðhólalækur 15
Líkhvammur 12	Urðhólar 14
Steinbogi 42	Þrætublettur 71
Stekkjardalur 45	Starungsvík 72
Stóra-Jarðfall 26	

## Örnefni

### Holtahlíð 01

**Staðsetning:** 368680 548999

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Holtalandið liggur við sunnanverðan Gilsfjörð og nær inn fyrir miðja hlíð er liggur á milli Ólafsdals og Stórahólts.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 1. Holtahlíð vinstra megin á Holtahyrnu.

### Merkjaskriða 02

**Staðsetning:** 369896 549202

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Staðsett innan til í miðri Holtahlíð og skiptir landamerkjum Holtanna og Ólafsdals.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 2. Merkjaskriða í Holtahlíðinni.

### Merkjalækur 03

**Staðsetning:** 369873 549300

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Lækur sem rennur ofan úr brún Merkjaskriðu og til sjávar.

**Kort:** Kort 1.

## Háahlíð 05

**Staðsetning:** 369323 548860

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Sunnan

Tvíhliðarhyrnnunnar, þar sem hliðin er bröttust, þar sem klettarnir ná styst niður.

**Kort:** Kort 1.



*Mynd 3. Háahlíð sunnan Tvíhliðarhyrnnunnar.*

## Rjúpnaklettur / Einbúi 06

**Staðsetning:** 369528 549070

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Í Háahlíð er klettur sem stendur út úr hliðinni einn og sér, en er einnig kallaður Einbúi. (Notað nafnið Rjúpnaklettur). Rjúpan safnast saman á klettinum.

**Kort:** Kort 1.

## Smalaskál 07

**Staðsetning:** 369485 549137

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Arnar Eysteinnsson, viðtal 4. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Laut fyrir neðan Rjúpnaklett (Einbúa). Kölluð það vegna þess að þar var svo gott skjól þar og féð safnaðist þar saman við klettinn.

**Kort:** Kort 1.

## Hryggir 08

**Staðsetning:** 368661 549263

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

**Lýsing / Staðhættir:** Uppgrónar skriður fyrir neðan Smalaskál og utan merkin.

**Kort:** Kort 1.



*Mynd 4. Hryggir.*

## Moldhólar 09

**Staðsetning:** 367781 549064

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

**Lýsing / Staðhættir:** Liggja út með hlíðinni, fyrir utan hryggina, háir sandhólar.

**Kort:** Kort 1.



*Mynd 5. Moldhólar.*

## Efri Moldhólar 09a

**Staðsetning:** 367667 548841

**Heimild:** Kristján Sæmundsson, viðtal 5.nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Fyrir ofan veg, sunnan Moldhólanna.

**Kort:** Kort 1.



*Mynd 6. Efri Moldhólar.*

## Moldhólalækur 10

**Staðsetning:** 3677759 549182

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Rennur niður með Moldhólum.

**Kort:** Kort 1.

## Djúpidalur 11

**Staðsetning:** 367236 548839

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Grasi vaxnir hvammar og lautir suðvestan Moldhóla, við sjóinn.

**Kort:** Kort 1.



*Mynd 7. Djúpidalur.*

## Líkhvammur 12

**Staðsetning:** 367125 548939

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Ysti og dýpsti hvammurinn í Djúpadalnum. Elstu menn muna til þess, að vinnukona frá Litla-Holti, hafi orðið úti í hríðarveðri í Holtalandi og hafi hún fundist í Líkhvammi.

**Kort:** Kort 1.

## Djúpadalsmelur 13

**Staðsetning:** 367150 548714

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Sléttur melur, allstór. Mikið breyttur.

**Kort:** Kort 1.

## Urðhólar 14

**Staðsetning:** 367137 548357

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Feikistórir grjóthólar sem liggja sunnar í hlíðinni en Líkhvammur. Er gömul náma síðan Gilsfjarðarbrúin var byggð, en búið er að ganga frá henni.

**Kort:** Kort 1.

## Urðhólalækur 15

**Staðsetning:** 367077 548531

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Rennur fram undan Urðhólum og sameinast í einn læk sem rennur þvert um Holtaland og ofan í Brunnárflóa. Neysluvatn úr honum var tekið í opnum skurði frá Stóra-Holti fyrir um það bil 30 árum.

**Kort:** Kort 1.

## Grafarmýri 16

**Staðsetning:** 366345 548588

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010. Arnar Eysteinnsson, viðtal 4. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Feikistór flói, fyrir neðan þjóðveg, suðvestur af Djúpadalsmel. Var allur sundurgrafin af mógrofum, en er nú slétt tún.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 8. Grafarmýri.

## Sílargróf 17

**Staðsetning:** 366326 549269

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010. Arnar Eysteinnsson, viðtal 4. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Til norðurs úr Grafarmýrinni liggur lækur sem þornar á sumrin. Þar rann Urðhólalækur áður til sjávar. Hornsíli gengu upp í Sílargróf.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 9. Sílargróf.

## Rimar 18

**Staðsetning:** 365811 549110

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Víðáttu mikið landflæmi til vesturs út af Sílagróf. Skiptast þar á þurrir móar og mýrarfen.

**Kort:** Kort 1.

### Rimastykki 18a

**Staðsetning:** Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

**Heimild:** Kristján Sæmundsson, viðtal 5.nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Þar sem Silkikuntan 70 var staðsett heitir nú Rimastykki.

**Kort:** Kort 1.

### Fjörulækurinn 19

**Staðsetning:** 366038 549512

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Arnar Eysteinnsson, viðtal 4.nóvember 2010. Kristján Sæmundsson, viðtal 5.nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Lítil læma eða lækjardrag yst í Rimum, niður við sjóinn.

**Kort:** Kort 1.



*Mynd 10. Fjörulækurinn.*

### Kaldrani 19a

**Staðsetning:** 365447 549640

**Heimild:** Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Tanginn sem Gilsfjarðabrúin liggur á.

**Kort:** Kort 1.

### Kaldranahorn 20

**Staðsetning:** 365429 550022

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Fyrir utan Holtalandið er Kaldranahorn og það skerst lengst til norðurs gegnt Króksfjarðarnesi.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 11. Kaldranahorn.

## **Selflóí 21**

**Staðsetning:** 364777 548717

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Hjá Króksfjarðarhorni liggur nú sæsíminn yfir Gilsfjörð til Króksfjarðarness. Til innri og ytri í örnefnaskrá, en finnst ekki heimild um það.

**Kort:** Kort 1.

## **Holtasel /Stórholtssel 22**

**Staðsetning:** 365522 549053

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Upp af Innri-Selflóa. Var búið að minnsta kosti síðasta helming af öldinni sem leið. Þar var byggt úr Stóra-holtslandi, og hafði bóndinn oft á tíðum sauðageymslu á hendi fyrir Stórholtarbændur, sérstaklega prestana sér Jón Halldórsson og sér Jón Thorarensen, sem báðir bjuggu í Stóra- Holti. Mun byggð hafa haldist þar eitthvað fram yfir síðustu aldarmót. Nær frá Stórholti að sjó. Veggir enn uppistandandi, en sjást illa í dag.

**Kort:** Kort 1.




## Holtahryggur 23

**Staðsetning:** 364615 547913

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Arnar Eysteinnsson, viðtal 4.nóvember 2010. Kristján Sæmundsson, viðtal 5.nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Liggur til suðvesturs eftir endilöngu Holtalandinu.

**Kort:** Kort 1.



*Mynd 12. Holtahryggur.*

## Selhryggur 24

**Staðsetning:** 365793 548873

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010. Arnar Eysteinnsson, viðtal 4. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Lítil melur norðvestur frá Holtahryggnum. Hryggurinn heitir eftir Stórholtsseli sem var við enda hryggsins.

**Kort:** Kort 1.

## Stóra-Jarðfall 26

**Staðsetning:** 364757 548473

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Inn í ytri Selflóann miðjan skerst stórt jarðfall, sem vatn hefur leyst fram úr sjávarbökkunum sem kallað er Stóra- Jarðfall.

**Kort:** Kort 1.

## Gyðingaskálamelur 27

**Staðsetning:** 364783 548378

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Lítil melur langt fyrir utan Stóra- Jarðfall.

**Kort:** Kort 1.

## Gyðingaskáli 28

**Staðsetning:** 364716 548378

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Hvammur inn í bakkana hjá Gyðingaskálamel. Engin skýring þekkt á nafninu Gyðingaskáli.

**Kort:** Kort 1.

### **Krókur 29 (Flugvallarstykki 29a)**

**Staðsetning:** 363817 548343

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Fyrir utan Gyðingaskála. Heitir nú Flugvallarstykki. Liggur frá Gyðingaskálamel að Ekruhrygg.

**Kort:** Kort 1.

### **Ekruhryggur 30**

**Staðsetning:** 363874 547897

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Sléttur melur.

**Kort:** Kort 1.



*Mynd 13. Ekruhryggur.*

### **Ekruhorn 31**

**Staðsetning:** 363650 548184

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Á miðjum melnum Ekruhrygg. Hlaðin varða sem var leiðamerki fyrir skip, sem sigldu inn í fjörðinn.

**Kort:** Kort 1.

### Ósar 32

**Staðsetning:** 363385 547327

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Staðsett fyrir utan Ekruhornið, þar sem Hvolsá og Staðarhólsá renna til sjávar.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 14. Ósar.

### Ekrur 33

**Staðsetning:** 363577 547818

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Grasivaxnir, háir bakkar hjá Ósum. Þar sem börðin lækka og þangað til þau verða að ekki neinu hjá Löngubrekku.

**Kort:** Kort 1.

### Skipeyri 34

**Staðsetning:** 363579 547580

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Undir Ekrunum.

**Kort:** Kort 1.

### Presthvammur 35

**Staðsetning:** 364061 547264

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Langur hvammur, syðst í ekrunum, þar sem bakkarnir lækka.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 35. Presthvammur.

### **Ekrumóar 36**

**Staðsetning:** 363715 547758

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Stórir þurrir móar, ofan á Ekrunum, niður af Ekruhrygg.

**Kort:** Kort 1.



*Mynd 16. Ekrumóar.*

### **Höfðastekkur 37**

**Staðsetning:** 364351 547342

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Hæð eða höfði við suðurenda Holtahryggs. Sést glögg fyrir stekkjárústum þar.

**Kort:** Kort 1.

### **Kollteigsbörð 38**

**Staðsetning:** 364332 547200

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Lág börð fyrir neðan Höfðastekki til suðvesturs. Sjást ekki í dag.

**Kort:** Kort 1.

### **Haugamýri /Bennastykki 39**

**Staðsetning:** 364898 546862

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Vot mýri sem er fyrir neðan Kolluteigsbörð alla leið heim í túngirðingunni. Heitir nú Bennastykki.

**Kort:** Kort 1.

### **Löngubrekkur 40**

**Staðsetning:** 364174 547081

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010. Arnar Eysteinnsson, viðtal 4. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Langar og lágar brekkur sem ná alla leið frá Presthvammi og í túngirðinguna neðst.

**Kort:** Kort 1.

### **Göngumannareitur 41**

**Staðsetning:** 363755 547139

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010. Árni Björnsson, 2011.

**Lýsing / Staðhættir:** Tangi sem liggur yfir voginn fyrir neðan Löngubrekkurnar, þar sem vegurinn liggur yfir ósana. Ekki vitað um skýringu á nafninu, en helst dettur mönnum í hug að hér hafi verið áfangastaður eða hvíldarstaður.

**Kort:** Kort 1.

### **Steinbogi 42**

**Staðsetning:** 363878 546935

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Staðsett neðst hjá sjó, við Fitjakeldu.

**Kort:** Kort 1.

### **Brekkuflói 43**

**Staðsetning:** 364397 546642

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Flói sem liggur fyrir ofan Fitjakeldu upp að Löngubrekkum og alla leið heim undir túngirðingu.

**Kort:** Kort 1.

### **Breiðar 44**

**Staðsetning:** Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

**Lýsing / Staðhættir:** Stór samfelldur flói fyrir ofan og austan Höfðastekkin. Sést ekki lengur.

### **Stekkjardalur 45**

**Staðsetning:** 364926 547388

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.  
Arnar Eysteinnsson, viðtal 4. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Læna fyrir ofan Breiðar og alla leið ofan á Haugmýri. Stekkjarbrot var sjáanlegt þar en nú hefur verið sléttað yfir það.

**Kort:** Kort 1.

### **Langalág 46**

**Staðsetning:** Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

**Lýsing / Staðhættir:** Stærsta lænan úr Stekkjardal og liggur austur. Sést ekki lengur.

### **Lágrar 47**

**Staðsetning:** 364924 547577

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Allar læurnar í Stekkjardal. Sjást ekki lengur.

**Kort:** Kort 1.

### **Bali 48**

**Staðsetning:** 365282 547288

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Þurrhent móastykki að heimanvið Stekkjardalinn. Orðið slétt tún.

**Kort:** Kort 1.

### **Arakot 49**

**Staðsetning:** 365231 547494 (Ekki nákvæm staðsetning, vegna skorts á heimildum)

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Gamlar húsatóftir sem var hjálega Litla-Holts fyrir ævalöngu, ekki var þar neitt tún. Staðsett efst á Bala. Sjást ekki lengur.

**Kort:** Kort 2.

## **Mýrar / Veita 50**

**Staðsetning:** 365432 547062

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Fyrir neðan túnið í Litla-Holti, nær að Merkjakeldu móti Brunná. Orðið af túni í dag.

**Kort:** Kort 1.

## **Lindarholt 51**

**Staðsetning:** 366256 547522

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Þar sem vegurinn skiptist fyrir ofan Stóra-Holtið er lítið holt sem nefnist Lindarholt. Tilheyrir Neðri-Brunná. Einnig nafnið á íbúðarhúsinu sem Fóðuriðjan á og var íbúð forstjórans.

**Kort:** Kort 2.

## **Lindarauga 52**

**Staðsetning:** 366048 547382

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Dregur nafn sitt af dýi, er skammt fyrir neðan Lindarholt. Tilheyrir Neðri-Brunná.

**Kort:** Kort 2.

### Hesthúskinn (Hestuskinn) 53

**Staðsetning:** 365883 547593

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.  
Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Flöt sem er efst í Stórholtstúninu upp við garðinn. Sést ekki lengur vegna þess að landið er mikið breytt.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 17. Hesthúskinn.

### Kothúsatún 54

**Staðsetning:** 365690 547645

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

**Lýsing / Staðhættir:** Túnin í kring um fjárhúsin.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 18. Kothúsatún.

### Stórastykki / Lönguflatir 55

**Staðsetning:** 365597 547427

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.  
Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Flatarbreiðurnar í suður frá íbúðarhúsinu.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 19. Stórastykki.



## Prettur 56

**Staðsetning:** 365676 547602

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010. Arnar Eysteinnsson, viðtal 4. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Lækur sem rennur þvert/gegnum túnið. Dregur sennilega nafn sitt af því að oft vill hann þorna, ef þurrkar ganga. Ekki lengur til og sést hvergi.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 20. Prettur.

## Lækjarhústún 57

**Staðsetning:** 365588 547717

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

**Lýsing / Staðhættir:**

Fyrir ofan Prett (56), vestan megin.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 21. Lækjarhústún.

## Fjósflöt 58

**Staðsetning:** 365665 547565

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

**Lýsing / Staðhættir:**

Austar Prettur (56), nær bænum. Löngu horfin. Var á milli íbúðahússins og fjóssins.

**Kort:** Kort 2.

## Kattarhólsvöllur 59

**Staðsetning:** 365549 547507

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Neðar með Fjósflötinni.

**Kort:** Kort 2.

## Sigguhluti /Hrútatunga 60

**Staðsetning:** 365788 547472

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Móastykki vestan við lækinn neðst í Stóraholtstúninu. Hlýtur að vera kenndur við manneskju, sem hefur slegið hann ár eftir ár. Annars ekkert um hana vitað. Var einnig kallað Hrútatunga. Horfið.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 22. Sigguhluti.

## Skemmuvöllur 61

**Staðsetning:** Ekki á korti vegna þess að land er það breytt að ekki sést fyrir honum lengur.

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

**Lýsing / Staðhættir:** Í Litlaholtstúninu eru þrír vellir, Skemmuvöllur einn af þeim. Horfið.

## Mýrarvöllur 62

**Staðsetning:** Ekki á korti vegna þess að land er það breytt að ekki sést fyrir honum lengur.

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

**Lýsing / Staðhættir:** Í Litlaholtstúninu eru þrír vellir, Mýrarvöllur einn af þeim. Horfið.

## Neðstivöllur 63

**Staðsetning:** Ekki á korti vegna þess að land er það breytt að ekki sést fyrir honum lengur.

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

**Lýsing / Staðhættir:** Í Litlaholtstúninu eru þrír vellir, Neðstivöllur einn af þeim. Horfið.

## Svunta 64

**Staðsetning:** 365373 547433

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Svæðið vestanverðu við Litlaholt og niður fyrir fjárhúsin.

**Kort:** Kort 2.

### **Belti 65**

**Staðsetning:** 366488 547473

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Í fjallinu upp af dýinu Lindarauga (52).

**Kort:** Kort 1.

### **Klofasteinar 66**

**Staðsetning:** 366790 548051

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Tveir eða þrjú gríðarstórir steinar með nokkru millibili, ekkert því líkir, að þeir hafi klofnað hver frá öðrum. Staðsettir á Beltunum (65).

**Kort:** Kort 1.

### **Brekkubörð 67**

**Staðsetning:** 364926 546731

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Milli Löngubrekku og Haugamýrar (39).

**Kort:** Kort 1.

### **Fitjakelda 68**

**Staðsetning:** 364456 546768

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Rann sunnan við Göngumannaafreit (41). Ekki lengur til, en í dag er hún staðsett í skurði sem skiptir landi Stórahólts og Neðri- Brunná.

**Kort:** Kort 1.

### **Orfabrjótur 69**

**Staðsetning:** Ekki á korti vegna þess að land er það breytt að ekki sést fyrir honum lengur.

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

**Lýsing / Staðhættir:** Orfabrjótur var óskaplegt kargabýfi og bar því nafn með rentu. Orfabrjótur er túnblettur niður með Sigguhluta (69) og Prett (56). Horfið.

### **Silkikunta/Silkistykki 70**

**Staðsetning:** 365348 549354

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Forafen í Innri- Selflóa. Heitir nú Rimastykki (18a)

**Kort:** Kort 1.

### **Þrætublettur 71**

**Staðsetning:** Ekki á korti vegna þess að land er það breytt að ekki sést fyrir honum lengur.

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

**Lýsing / Staðhættir:** Var þrætuland á milli Stóra-holts og Neðri-Brunnár. Fitjakeldan sem skipti löndum, rann í tvennu lagi og varð þessi slægjublettur á milli. (þar sem hún kemur niður hjá Löngubrekkum (40)). Horfið.

### **Starungsvík 72**

**Staðsetning:** Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts.

**Lýsing / Staðhættir:** Hjá Þrætubletti eða nærri honum. Ekki notað í dag. Líklega horfið.

### **Lómahvammur 74**

**Staðsetning:** 365977 549462

**Heimild:** Örnefnaskrár Stóra- og Litlaholts. Kristján Sæmundsson, viðtal 5. nóvember 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Er fremst við sjóinn þar sem Fjörulækurinn (19) kemur í hann, er lautadrag eða hvammur sem heitir Lómahvammur. Það er dregið af því að þarna var stunduð hrognkelsaveiði. Þegar menn komu í land og höfðu veitt lítið, fóru þeir þangað og voru þeir að „lemja lóminn“.

**Kort:** Kort 1.


## **Saurbæjarfjara 75**

**Staðsetning:** 364482 548371

**Heimild:** Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1934: 153-4.

**Lýsing / Staðhættir:** Saurbæjarfjara var sölvafjara kölluð fyrir Stórhólts- og Tjaldaneslandi. Fegrur heitir hluti hennar vestur af Sölvatanga og var talið að Tjaldanes ætti þann hluta af fjörunni, en ekki er það ágreiningslaust.

**Kort:** Kort 1.





Stóraholt

Lækjarhústún (57)

Kothúsatún (54)

Prettur (56)

Fjósflöt (58)

Hesthúskinn (53)

Lindarholt (51)

Arakot (49)


Kattarhólsvöllur (59)

Sigguhluti / Hrutatunga (60)

Svunta (64)

Stórastykki / Lönguflatir (55)

Lindarauga (52)



Dagsetning: 2. desember 2010  
Mælikvarði: 1:5000  
• Staðsetning nafns á örnefni

Uppdráttur: Náttúrustofa Vestfjarða  
Hulda Birna Albertsdóttir

ÖRNEFNASKRÁNING Í DALABYGGÐ  
Litla- og Stóraholt Kort 2

## Boðleiðir í Saurbæjarhreppi

Boðleiðir eru leiðir þar sem leitarseðlar og einstaka fundarboð voru send eftir. Yfirleitt byrjaði boðleiðin á þeim bæ þar sem oddviti bjó hverju sinni. Samkvæmt Jóhanni G. Péturssyni (minnisblað Þórólfa Halldórssonar um boðleiðir í Fellsstrandarhreppi 28.3.2011) var leitarseðillinn yfirleitt í einriti og var þessi eini seðill borinn á milli bæja, og á hverjum bæ lögðu menn hann ýmist á minnið eða endurrituðu. Í kring um 1980 var farið að senda seðlana á alla bæi með pósti. (Jóhann G. Pétursson fyrrverandi oddviti. Þórólfur Halldórsson skrifl. uppl.).

Sigurður Þórólfsson lýsti boðleiðum í Saurbæjarhreppi þann 12. september 2011. Byrjað við hreppamörk að Skarðshreppi:

*Fagradalstunga – Innri Fagridalur – Foss- Tjaldanes- (Ásar- kom í byggð þegar nánast var hætt að nota boðleiðirnar)- Saurhóll – Kverngrjót – Bjarnastaðir – Þverdalur – Kjarlaksvellir – Hvammsdalur – Hvammsdalskot – Þverfell – Mikligarður – Staðarhóll – Lambanes - Þurranes – Stóri múli – Efri múli – Belgsdalur – Hvítidalur – Bessatunga – Fremri Brekka – Neðri Brekka – Hvoll – Máskelda – Efri Brunná – Neðri Brunná – Litla holt – Stóra holt – Ólafsdalur – Kleifar.*

Á sjöunda og áttunda áratugnum komu ný býli inn, eins og Ljósaland, Skriðuland, Jaðar, Brunná, Skuld og Lindarholt. Á þeim tíma var hætt að senda boð eftir boðleiðum, en gögn eins og t.d leitarseðlar, voru send í pósti. Nú eru tölvur og önnur tækni komin til svo nú er liðin tíð að „skilmæli“ séu send boðleiðina (Sigurður Þórólfsson, skrifl. uppl. 12. 9. 2011).



## Umræður

Örnefni þróast með breyttum aðstæðum, því er mikilvægt að uppfæra örnefnasöfn og -skrár til þess að stuðla að varðveislu þeirra. Nútímataekni gerir þessa vinnu bæði nákvæmari og auðveldari og með reglulegum skráningum er hægt að halda utan um alla þróun og breytingar á íslenskum örnefnum.

Átta örnefni voru ekki staðsett á korti. Það var Breiðar, Langalág, Skemmuvöllur, Mýrarvöllur, Neðstivöllur, Orfabrjótur, Þrætublettur og Starungsvík. Ástæðan fyrir því var skortur á heimildum, ýmist vegna þess að svæðið hefur breyst mikið og sést ekki fyrir sérstöðu örnefnisins lengur eða vegna þess að heimildamenn kannast ekki við örnefnið. Hér koma ekki fram ný örnefni frá Fóðuriðjunni þar sem ekki fengust upplýsingar frá þeim.

Eins og bent hefur verið á er mikilvægt að halda utan um breytingar á íslenskum örnefnum og því verður örnefnaskráningu seint lokið.

## Þakkir

Gerð þessa verkefnis hefði verið ómöguleg án aðstoðar heimildarmanna í röðum heimamanna; Arnar Eysteinnsson og Ingveldur Guðmundsdóttir Stóraholti. Kristján Sæmundsson, Lambanesi. Kunnnum við þeim bestu þakkir fyrir aðstoðina. Mats Wibe Lund var svo almennilegur að gefa okkur mynd á forsíðuna, og er honum einnig þakkað. Sveinn Pálsson sveitastjóri er tengiliður Dalabyggðar. Meðlimir Breiðafjarðarnefndar gerðu athugasemdir. Forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða Þorleifur Eiríksson hefur yfirumsjón með verkefninu.

## Heimildir

Forsíðumynd: Mats Wibe Lund, á.á.. *Stóra og Litlaholt - MWL 4-57-87-67.*

Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1938. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VI. bindi.* Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. Endurútgefin (ljósprentuð eftir eldri útgáfu) af Sögufélagi Reykjavíkur 1983.

Brink S, 1999. Social order in the early Scandinavian landscape. Í Fabech C., Ringtved J. (ritstjórar), *Settlement and landscape* (bls. 423-439). Århus: Jutland Archaeological Society Press.

Guðrún Gísladóttir, 1980. *Örnefni í Álftaveri.* Óbirt BS-ritgerð í landafræði: Háskóla Íslands, Verkfræði- og raunvísindadeild.

Hulda Birna Albertsdóttir, 2010. *Örnefnaskráning í Dalabyggð - Ólafsdalur.* Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 19-10. Bolungarvík.

Mörður Árnason (ritstjóri), 2002. *Íslensk orðabók: A-L.* Reykjavík: Edda – Útgáfa.